



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 18. nóvember 2020

Tilvísun: 2020100096

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Umsögn ríkislögreglustjóra um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr.60/1998 um loftferðir

Þann 19. október 2020 voru drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998 um loftferðis birt á samráðsgátt stjórnvalda og óskað eftir umsögnum.

Embætti ríkislögreglustjóra fagnar framkomnum drögum og vill koma á framfæri neðangreindum athugasemdum sem einkum snúa að bakgrunnskoðunum og hugtakanotkunum.

Varðandi hugtakanotkun er mikilvægt að þau hugtök sem notast er við séu skilgreind með skýrum hætti og samræmis gætt við lagasetningu. Í drögum að frumvarpinu er til að mynda hugtakin trúnaðarupplýsingar og viðkvæmar upplýsingar ekki skilgreind eða vikið að því í texta núgildandi laga nr. 60/1992.

Tillögur að breytingum á núgildandi lögum

2. mgr. 158. gr.

Ríkislögreglustjóri bendir á að bakgrunnsathugun vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar er sú sama, óháð stig aðgangs að trúnaðarflokkuðum upplýsingum. Fyrir aðgang að upplýsingum að mismunandi trúnarstigum þarf bakgrunnskoðun vegna öryggisvottunar á grundvelli 24. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008. Þá er í greinargerð með frumvarpinu vísað í Chicago – samninginn þar sem hugtakið viðkvæmar upplýsingar (e. sensitive information) eru notaðar en ekki

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

trúnaðarflokkaðar upplýsingar (e. classified information). Ríkislögreglustjóri leggur til að þessi hugtök séu skilgreind með skýrum hætti og í samræmi við hugtök sem vísað er til í Chicago – samningnum.

159. gr.

1. mgr. 159. gr. Vísað er til „annarra stjórnvalda“. Að mati ríkislögreglustjóra þarf að kveða skýrt á um í lögnum hvaða stjórnvöld hafi heimild til bakgrunnskoðunar á grundvelli laganna eða kveðið sé á um það í reglugerð.

f-liður virðist hafa dottið út í meðferð draganna. „Öðrum opinberum skráum og upplýsingar sem eru aðgengilegar á opinberum vettvangi sem skipt geta máli til að ákvarða hæfi umsækjanda“. f-liðurinn tryggði heimild til að nýta aðrar opinberar upplýsingar til ákvarðanatöku við mat á bakgrunni einstaklinga ef þurfa þykir s.s. upplýsingar frá öðrum stjórnvöldum en talin eru í liðum a-e. Ríkislögreglustjóri leggur til að f-liður verði óbreyttur.

161. gr.

Æskilegt að víkka ákvæði greinarinnar svo skýrar verði að undir skilgreininguna falli enn fremur viðkvæmar upplýsingar á grundvelli flugverndar, þ.e. ekki eingöngu trúnaðarflokkaðar upplýsingar á grundvelli varnarmálalaga. Tillaga að kaflaheiti: „Vernd viðkvæmra upplýsinga á sviði flugverndar og trúnaðarflokkaðra gagna og upplýsinga“

F.h. RLS

Helga Einarsdóttir

Afrit: Dómsmálaráðuneyti